



Selfossi 4.-7.júlí

27. Landsmót UMFÍ á Selfossi 4.-7. júlí Fyrstu helgina í júlí verður [27. Landsmót UMFÍ](#) haldið á Selfossi.

Undirbúningur vegna mótsins hefur staðið yfir í langan tíma og stefnir Héraðssambandið Skarphéðinn á að halda glæsilegt mót. Mikil og metnaðarfull uppbygging íþróttamannvirkja hefur orðið á Selfossi á undanfórnum árum og er óhætt að segja að sú aðstaða sem verður í boði fyrir keppendur á þessu móti sé ein sú besta á landinu. Sveitarfélagið Árborg hefur unnið ötullega að þessari uppbyggingu og lagt sitt á vogarskálarnar til að gera mótið sem glæsilegast.

Landsmótin hafa í gegnum tíðina verið glæsilegar íþróttahátíðir og keppnisgreinar margar, bæði hefðbundnar og óhefðbundnar. Á síðasta Landsmóti, sem haldið var 2009, voru keppendur um tvö þúsund og gert er ráð fyrir svipuðum fjölda á Selfossi í ár. Mótunum fylgir jafnan sérstök stemning, en þar hittast ungir sem aldnir og taka þátt í keppni mótsins, rifja upp gamlar og góðar minningar úr starfinu og af fyrri Landsmótum. Alls verða keppnisgreinar á Landsmótinu á Selfossi 25 talsins. Keppt er í einum aldursflokki í karla- og kvennagreinum. Landsmótið hefst fimmtudaginn 4. júlí með keppni í nokkrum íþróttagreinum. Íþróttakeppnin, sem er uppistaða mótsins, heldur síðan áfram á föstudegi, en aðalþungi keppninnar verður á laugardag og sunnudag. Mótssetning verður á Selfossvelli föstudagskvöldið 5. júlí og hefst kl. 21. Mótsslit verða upp úr miðjum sunnudegi. Ýmsir áhugaverðir viðburðir fyrir utan sjálfa íþróttakeppnina verða á Selfossi þessa daga, fyrir börn og fullorðna. Það er því tilvalið að heimsækja Selfoss 4.-7. júlí og upplifa þessa stemningu. Bærinn mun iða af lífi frá morgni til kvölds og skarta sínu fegursta. **Skotfimi**

Greinastjóri:

Hákon Svavarsson, sími 692 1880,

smidur1@hotmail.com Tímarammi:□□□□□□ Fimmtudagur kl. 12 – 19 (Skeet) Föstudagur kl. 10 – 17 (Skeet)

Laugardagur kl. 10 – 14 (Enskur Ríffill 50m)

Sunnudagur kl. 10 – 14 (Loftskambyssa /Loftríffill

reiðhöll við Brávelli) Keppnisform:

Opinn flokkur. Einstaklingskeppni þar sem heimilt er að senda 4 keppendur í hverja keppnisgrein.

Keppnisreglur:

Stig: 1. sæti gefur 10 stig í hverri grein. Tíu fyrstu einstaklingar í hverri grein hljóta stig sem hér segir: 1.sæti = 10 stig, 2.sæti = 9 stig, 3.sæti = 8 stig, 4.sæti = 7 stig, 5.sæti = 6 stig, 6.sæti = 5 stig, 7.sæti = 4 stig, 8.sæti = 3 stig, 9.sæti = 2 stig og 10.sæti = 1 stig. **Þátttökuréttur:**

Þeir einir hafa rétt til keppni sem eru félagar í ungmennafélagi eða í íþróttafélagi og uppfylla skilyrði viðkomandi sársambands til keppni með félagi í ákveðinni íþróttagrein þar sem það á við. Keppnislið skulu vera sambandsaðilar UMFÍ og íþróttabandalög. Íþróttabandalög njóta

sömu réttinda og bera sömu skyldur og sambandsaðilar UMFÍ. Senda má hámark 4 keppendur í hverja einstaklingsgrein og eina sveit í boðsund, boðhlaup og eitt lið í liðakeppni. Hver keppandi má keppa í hámark 5 einstaklings-greinum og tveimur boðgreinum í viðkomandi íþróttagrein.